

Fimmtudaginn 18. nóvember 1993.

Nr. 143/1993. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Valgeiri Borgfjörð Magnússyni

(Othar Örn Petersen hrl.).

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ákærði áfrýjaði máli þessu í heild sinni til Hæstaréttar, og krefst hann sýknu, en ella vægustu refsingar, sem kostur er á. Ríkissaksóknari gaf út áfrýjunarstefnu 26. febrúar 1993, og er af hálfu ákærvalds krafist þyngingar á refsingu.

Enda þótt ekki liggi ljóst fyrir, hvert var tilefni og upphaf átaka ákærða og S að heimili ákærða 7. nóvember 1991, eru engin efni til að hnekkja því mati héraðsdómara, að S hafi sætt hættulegri og hrottafenginni atlögu af hendi ákærða. Áverkar þeir, sem telja verður afleiðingar af atlögunni, eru taldir upp í læknisvottorðum þeim, sem rakin eru í héraðsdómi. Voru áverkarnir slíkir, að 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 átti hér við, en eins og ákæru er háttað, ber að ákveða refsingu ákærða samkvæmt 1. mgr. sömu greinar, eins og héraðsdómari hefur gert.

Með hliðsjón af atvikum öllum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, þ. e. fangelsi sex mánuði. Ekki þykja hins vegar efni til að skilorðsbinda refsinguna.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað, og jafnframt verður ákærði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Valgeir Borgfjörð Magnússon, sæti fangelsi sex mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin

saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Othars Arnar Petersen hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 26. janúar 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., er höfðað fyrir Héraðsdómi Suðurlands með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 5. ágúst 1992, á hendur Valgeiri Borgfjörð Magnússyni, kt. 230247-4989, Bröttuhlíð 5, Hveragerði.

Í ákeru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir líkamsárás með því að hafa að morgni fimmtudagsins 7. nóvember 1991 í svefnherbergi á heimili sínu eða á gangi þar fyrir framan fellt S, fædda 1956, í gólfið, slegið hana liggjandi mörg hnefahögg í kvið og sparkað margsinnis í kvið henni með þeim afleiðingum, að milta sprakk og blæddi inn á hægri eggjastokk, og varð að fjarlægja milta, eggjaleiðara og eggjastokk.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá krefst nefnd S þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 1.500.000 krónur, auk dráttarvaxta“.

II.

Föstudaginn 15. nóvember 1991 var leitað til Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna líkamsárásar, sem talið var, að S, fædd 1956, hefði orðið fyrir í Hveragerði helgina áður. Árásarmaður var sagður vera Valgeir Borgfjörð Magnússon, ákærði í máli þessu. Hafi S þurft að gangast undir skurðaðgerð á Landspítalanum í Reykjavík vegna mikilla innvortis meiðsla, sem rekja mætti til árásarinnar.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Jóns Baldurssonar, læknis á slysa- og bæklunardeild Borgarspítalans, um nefnda S, dags. 13. mars 1992. Þar segir svo m. a.: „Ofanskráður sjúklingur kom á slysa- og sjúkravakt 8/11 1991 kl. 14.27. Í sjúkradagbók er haft eftir henni, að hún hafi að kvöldi 6/11 1991 verið stödd á heimili kunningja, sem reynt hafi að fá hana til samræðis við sig, en hún neitað, og hafi hann þá ráðist á sig. Segir sjúklingur árásarmanninn hafa gripið sig kverkataki og hert að einu sinni, tvisvar eða jafnvel þrisvar, einnig, að hann hafi sparkað í kvið sér og snúið upp á handleggi og klipið í þá. Haft er eftir sjúklingi, að bæði muni hafa verið ölvuð. Við skoðun sáust þrír marblettir á hálsi sjúklings; var einn þeirra

hæ. megin á hálsinum, en tveir vi. megin, og var þetta talið líkt og eftir fingur. Einnig voru tveir marblettir á hæ. framhandlegg, u. þ. b. einn og hálfur cm á hvorn veg. Þá voru þrír marblettir af sömu stærð á vi. framhandlegg. Einnig sást marblettur undir hæ. rifjaboga, og var sá 3 cm á hvorn veg. Preifieymsli greindust um allan kvið, sérstaklega neðanvert. Einnig voru væg sleppieymsli, en kviður ekki stífur. Leitað var áljits vakt-hafandi aðstoðarlæknis á skurðlækningadeild, og taldi hann sjúkling enn vera dálítið undir áhrifum og ekki að sjá marbletti á kvið, en kviður annars allur aumur og þó mest yfir lífbeini. Ekki var kviðurinn þaninn né brett-hardur, en sleppieymsli voru á honum. Einnig kom fram, að um væri að ræða þvagtrekdu hjá sjúklingi og að ferskt blóð hefði sést í þvagi. Talið var, að hér gæti verið um að ræða innvortis áverka og þá sérstaklega á þvagblöðru. Var því haft samband við vakthafandi lækni á Landspítala, sem hafði bráðavakt þennan dag, og gerðar ráðstafanir til að leggja sjúkling þar inn.“

Í vottorði Höskulds Kristvinssonar, læknis á handlækningadeild Landspítalans, dags. 25. maí 1992, segir svo um S: „35 ára gömul kona, sem kom í bráðamóttöku Landspítala frá slysadeild Borgarspítalans 8. 11. 1991. Hún bar sögu um, að ráðist hefði verið á sig og gerð verið tilraun til nauðgunar, hún tekin hálstaki og síðan sparkað í brjóstakassa og kvið. Vegna vaxandi kviðverkja, uppþembu og erfiðleika við þvaglát ásamt ógleði og uppköstum leitaði hún á slysadeild Bsp. og í framhaldi af því send hingað. Við skoðun við komu var hún töluvert meðtekin af verkjum, með mar á hálsi báðum megin og mar á framanverðum hæ. hluta brjóstakassa, með vægt þaninn kvið og töluverð eymsli við þreifingu. Var einnig með blæðingu frá leggöngum, og sáu kvensjúkdómalæknar hana og töldu það geta stafað af áverka m. a. Gerðar voru sneiðmyndir af kvið vegna grunar um blæðingu frá milta, og sýndu sneiðmyndir, að blæðing var frá miltanu, einnig grunur um uppsafnað blóð niðri í grindarholi. Hún var því tekin í aðgerð, og kom í ljós, að milta var sprungið, en auk þess var hún með blæðingu inn í stóra blöðru á hægri eggjastokk. Miltað var fjarlæggt og einnig hægri eggjaleiðari og eggjastokkur..... Áverkar þeir, sem hún hafði við innlögn, eru í samræmi við þá sögu, sem hún gaf, þ. e., að á hana hefði verið ráðist með fyrrgreindum afleiðingum, sem hefðu getað leitt til dauða.“

Í málinu liggur frammi skýrsla Guðmundar Steindórssonar, aðstoðar-varðstjóra hjá lögreglunni í Árnessýslu. Segir þar, að kl. 6.34 að morgni fimmtudagsins 7. nóvember 1991 hafi verið hringt til lögreglu frá Bröttuhlíð 6 í Hveragerði og tilkynnt, að þangað hefði komið kona skömmu áður, sem orðið hefði fyrir líkamsárás. Var óskað eftir aðstoð lögreglu. Fór skýrslugefandi á vettvang ásamt Hlökkver Magnússyni lögreglumanni. Að

Bröttuhlið 6 hittu þeir S. Er í skýrslunni haft eftir S, að hún hafi verið gestkomandi ásamt móður sinni hjá Valgeiri B. Magnússyni að Bröttuhlið 5. Hafi þau verið við drykkju fram eftir nóttu. Einhvern tíma um nóttina hafi Valgeir reynt að koma fram vilja sínum gagnvart henni, en hún spornað gegn því. Við það hafi hann reiðst, tekið hana kverkataki, slegið hana í andlit og hent henni út úr húsinu.

Hinn 17. nóvember 1991 fór Berglind Kristinsdóttir rannsóknarlögreglu- maður á Landspítalann í Reykjavík og yfirheyrði S þar. Er þar haft eftir S, að hún hafi komið á heimili ákærða að Bröttuhlið 5 í Hveragerði að kvöldi fimmtudagsins 7. nóvember (svo) 1991 ásamt móður sinni, M. Hafi ákærði boðið þeim mæðgum til sín í mat. Að málsverði loknum hafi þau spjallað saman og neytt áfengis. Á milli kl. 2 og 3 aðfaranótt föstudagsins hafi M gengið til náða. Kvaðst S hafa setið áfram með ákærða við drykkju og spjall. Um kl. 6 að morgni hafi ákærði viljað leggja sig og beðið S að koma með sér upp í rúm. Því hafi hún neitað. Við það hafi ákærði tryllst. Hafi hann stökkið á sig, þar sem hún stóð á gangi fyrir framan svefnherbergi ákærða, tekið sig hálstaki og dregið sig inn í herbergið. Þar hafi hann hent henni upp í rúm og tekið um háls henni báðum höndum. Þá hafi hann kýlt sig með hnefa í andlitið. Kvaðst S hafa haldið, að hún væri að lifa sína síðustu stund. Hún hafi beðið ákærða að sleppa sér. Hann hafi sagt sér að koma sér út, en samt haldið sér fastri. Kvaðst S hafa náð að mjaka sér fram úr rúminu og fram á gang, liggjandi á bakinu. Ákærði hafi fylgt sér eftir, en þegar komið hafi verið fram á ganginn, hafi hann kropið við hlið sér, tekið með annarri hendi um háls sér og lamið sig í magann með hinni. Síðan hafi hann staðið upp og sparkað margoft í kvið sér. Kvaðst S hafa kallað eftir hjálp, þá er hún og ákærði voru stödd inni í svefnherbergi ákærða. Hafi móðir sín komið þarna að og beðið ákærða að láta af atlögu sinni gagnvart S. Við þau orð móðurinnar hafi ákærði snúið sér að henni, og kvaðst S þá hafa náð að komast út og yfir í næsta hús. Þaðan hafi verið hringt á lögreglu, sem komið hafi á vettvang skömmu síðar.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 14. janúar 1992. Kannaðist hann við að hafa lent í átökum við S í umrætt sinn, en neitaði með öllu að hafa lagt á hana hendur að fyrra bragði. Sagði hann, að komið hefði til átaka með þeim, er hann hefði reynt að verja hendur sínar.

Í upphafi skýrslu sinnar lýsir ákærði tildrögum þess, að S og móðir hennar fóru með honum til Hveragerðis kvöldið áður en þeir atburðir urðu, sem hér er um fjallað. Er eigi þörf á að rekja sérstaklega efni framburðar hans að þessu leyti. Að sögn ákærða neyttu þau öll áfengis, þegar komið var á heimili hans í Hveragerði. Kvaðst ákærði hafa drukkið bjór, en S og móðir hennar hefðu neytt áfengis, sem S hefði haft meðferðis. Þá hefðu

þau borðað og horft saman á sjónvarp. Kvaðst ákærði hafa gengið til náða um kl. 2 um nóttina. S og móðir hennar hefðu þá verið að rifast. Aðspurður kvaðst ákærði hafa gert ráð fyrir því, að S svæfi í stofunni, en móðir hennar í forstofuherbergi íbúðarinnar. Síðan er eftirfarandi bókað eftir ákærða: „Mætti segir, að það næsta, sem hann viti, sé það, að hann vaknaði upp um nóttina eða undir morgun við það, að S sat klovvega ofan á sér og var að rífa í hár hans og þrýsta höfði hans þannig aftur fyrir kodda, sem höfuð sitt hafði hvílt á. Á sama tíma var hún að sögn mætta að taka hann kverkataki. Segist hann hafa legið á bakinu, er þetta gerðist. Hann segir, að sér hafi brúðið illa við þetta og náð að velta sér út úr rúminu, þrátt fyrir það að S héldi fast í hann og fylgdi þannig með. Kveðst mætti hafa náð að standa upp og slíta sig af henni og spurt hana að því, hvað henni gengi til. Segist hann ekki hafa fengið neitt svar við því, en S þess í stað rokið í sig að nýju og verið alveg stjórnlaus. Aðspurður um, hvernig hún rauk í hann, segir hann, að hún hafi slegið til sín og auk þess bitið sig í höndina. Mætti kvaðst hafa varið sig með því að hrinda henni frá sér og fram á gang íbúðarinnar, þar sem hann sagði henni að hypja sig út. Þá stökk S að nýju á hann og upphóf að nýju áflog, og kveðst mætti þá hafa tekið harkalega á móti henni, tekið hana hálstaki og náð þannig að steypa henni á gólfíð. Er hún lenti á gólfinu, hafnaði hún í dyrum að salerni íbúðarinnar og lenti á þröskuldi, sem þar er. Er S lá þar, reyndi hún að sparka í mætta, og segist hann þá hafa náð tökum á henni og síðan brugðið á það ráð að koma henni út úr íbúðinni við svo búið. Það hafi hann gert með því að draga hana fram að útidyrum, út fyrir, og síðan kveðst hann hafa skellt þar í lás.“

Kærandi og ákærði voru samprófuð við rannsókn málsins hjá lögreglu, en ekki fékkst samræmi í skýrslur þeirra.

M,, Reykjavík, móðir S, gaf skýrslu hjá lögreglu 20. nóvember 1991. Lýsir hún í upphafi skýrslu sinnar aðdraganda að för þeirra mæðgna til Hveragerðis með ákærða. Er þangað var komið, hafi ákærði boðið þeim upp á áfengi. Hafi þær mæðgur neytt áfengis, og reyndar hafi S verið búin að vera undir áfengisáhrifum nokkra daga þar á undan. Þó hafi hún ekki verið mjög drukkin þarna um kvöldið. Ákærði hafi líka neytt áfengis, en þó í litlum mæli. Segir M í skýrslu sinni, að er hún hafi laust eftir miðnætti lagst til svefns í sófa í stofu íbúðarinnar, hafi farið vel á með ákærða og S. Þau hafi þá setið í stofunni og verið að tala saman. Hið næsta, sem hún viti, sé, þegar hún hafi vaknað við það, að S kallaði á sig. Segist hún hafa farið fram úr sófanum og fram á gang, er liggi að svefnherbergi íbúðarinnar. Dyrnar að herberginu hafi verið opnar og ákærði og S verið þar inni. Hafi S legið á bakinu við hjónarúm, sem þarna er. Hafi ákærði setið eða allt að því legið ofan á henni. Hafi hann verið í nærbuxum einum

fata. Segir M, að er hún hafi komið þarna að, hafi ákærði verið að slá S í kviðinn. Hafi hann slegið hana mörg högg og tekið hana kverkataki að því búnu. Kvaðst M hafa reynt að kalla til ákærða, en svo hafi vírst sem hann hafi ekki heyrt til sín. S hafi barist um á meðan og náð að standa upp, er hann hafi losað um kverkatakið. Ákærði hafi þá sparkað tvisvar eða þrisvar í kvið S, og hafi hún þá hnigið í gólfið aftur. Síðan hafi ákærði dregið S fram á gang, sparkað þar í kvið henni og tekið hana kverkataki að nýju. Hafi hann sífellt öskrað á S, að hún skyldi koma sér út. Kvaðst M þá hafa náð athygli ákærða stutta stund og sagt honum, að hann yrði að sleppa takinu, ef S ætti að komast út. Hafi hann þá slakað á takinu og S þá náð að standa upp og hlaupa út úr húsinu.

Fyrir dómi var framburður ákærða mjög á sama veg og hjá lögreglu. Hélt hann því fram, að S hefði í umrætt sinn ráðist að sér, þar sem hann hafi verið sofandi í rúmi í svefnherbergi sínu. Kvaðst ákærði hafa vaknað við það, að S hefði setið ofan á sér og haldið fyrir vit sér með höndum og kodda. Kvaðst ákærði hafa náð að snúa S af sér, en hún hafi við það fallið í gólfið við hliðina á rúminu og ákærði lent ofan á henni. Hann hafi síðan náð að koma henni út úr svefnherbergi sínu og fram á gang. Þar hafi hann ýtt við henni eða slegið lauslega til hennar, og við það hafi hún fallið á háan þröskuld, sem sé í dyrum, er liggi að salerni íbúðarinnar. Þar hafi hún lent á bakinu. Verður af framburði ákærða ráðið, að hann hafi þá hlunkað sér ofan á S og bæði hné hans lent á kviði hennar. Hann hafi síðan tekið hana kverkataki, náð að snúa baki hennar að brjósti sér og tekist að halda henni þannig, er hann hafi staðið upp. Þessu taki hafi hann ekki sleppt, fyrr en honum hafði tekist að koma S út úr húsinu. Meðan á þessu stóð, hefði S verið nær hamslaus af bræði og ekkert annað komist að hjá ákærða en beita þeim ráðum, sem honum voru tiltæk, til að koma henni út úr húsinu. Með aðgerðum sínum hafi hann aðeins verið að verja hendur sínar vegna tilefnislausrar árásar. Neitar ákærði algerlega að hafa gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Hann kveðst hins vegar gera sér grein fyrir því, að hann hafi gengið fram með fullmiklum ákafa, er hann hafi hent sér ofan á S með þeim hætti, sem áður er rakið.

Í skýrslu ákærða fyrir dómi kemur fram, að M, móðir S, hafi gengið til náða á undan S og sér. Hafi hann búið um M í forstofuherbergi íbúðarinnar, og þar hafi hún sofnað. Kannaðist ákærði ekki við, að S hefði sérstaklega farið þangað inn til að vekja móður sína. M hafi komið að þeim í þann mund, sem ákærði hafði náð að koma S út. Þá kvaðst ákærði hafa haldið útidyrhurdinni og þannig hindrað það, að M kæmist út úr húsinu. Kvaðst ákærði hafa talið, að hún hefði ekkert út að gera. Loks upplýsti ákærði, að hann hefði meinað lögreglumönnum inngöngu í íbúð sína, og

sennilega hefði hann látið einhver ljót orð falla í garð þeirra. Að beiðni lögreglu hefði hann síðan hleypt M út úr íbúðinni.

S kom fyrir dóm 17. nóvember 1992. Var framburður hennar þar að mestu leyti í samræmi við framangreinda skýrslu, sem Berglind Kristinsdóttir rannsóknarlögreglumaður skráði eftir henni. Fyrir dómi greindi hún þó frá atlögu ákærða á þann veg, að hann hefði í fyrstu tekið báðum höndum um háls henni, en síðan sparkað í sig. Sérstaklega aðspurð kvað hún atlögu ákærða algerlega hafa falist í þessu. Þeim framburði sínum breytti hún, er henni var bent á ósamræmi að þessu leyti í skýrslu sinni fyrir dómi annars vegar og í frásögn þeirri af atburðarás, sem lögregla skráði eftir henni hins vegar. Minntist hún þess þá, að ákærði hefði slegið sig í kviðinn með annarri hendi. Gaf hún þá skýringu á þessu ósamræmi, að hér væri um smáatriði að ræða, sem hún hefði ekki munað eftir. Meginatriðið væri það, að hún hefði sætt hrottalegri líkamsárás. Þá kom fram hjá S, að hún hefði reynt að vekja móður sína, áður en ákærði réðst að sér. Segir hún m. a. svo frá: „..... ég vek mömmu og segi henni að koma fram og tala við mig. Og ég fer strax aftur fram, og það var þá, sem hann alveg trylltist, varð brjáláður, að ég skyldi vekja hana. Og ég vissi alveg, út af hverju hann var vondur, því að hann ætlaði sér annað. Og það var þá, sem maðurinn réðst á mig og henti mér þarna inn í svefnherbergið.“ Loks er vert að taka fram, að í skýrslu sinni fyrir dómi bar S á þann veg, að móðir sín hefði komið að sér og ákærða framan við svefnherbergi ákærða. Kveðst S hafa gert sér vonir um, að ákærði léti við það af atlögu sinni, en það hefði farið á annan veg.

Fyrir dómi hélt S því fram, að hún hefði leitað til lækni skömmu eftir hádegi sama dag og þeir atburðir urðu, sem hér er um fjallað. Þegar henni var bent á, að um það bil 32 klukkustundir hefðu liðið, frá því að umræddur atburður var tilkynntur lögreglu og þar til hún leitaði lækni aðstoðar, gaf hún þá skýringu, að hún hefði að öllum líkindum sofið lengur heima hjá móður sinni en hún í upphafi taldi. Þá skýrði S svo frá, að hún hefði verið á heimili móður sinnar að í Reykjavík allt frá þeim tíma, er þær mæðgur komu frá Hveragerði og þar til hún var flutt á Borgarspítalann í Reykjavík skömmu eftir hádegi 8. nóvember 1991.

Í skýrslu sinni fyrir dómi kvaðst M hafa vaknað við það hina umræddu nótt, að S hefði kallað til sín. Kannaðist vitnið ekki við það, að S hefði umrætt sinn komið til vitnisins og vakið það. Að sögn vitnisins kom það að ákærða og S framan við svefnherbergi ákærða. Kvaðst vitnið hafa séð ákærða slá S í kviðinn með hnefa, og um leið hefði hann tekið með annarri hendi um kverkar henni. Atлага ákærða að S hefði eingöngu verið í þessu fólgin. Kvaðst vitnið því ekki hafa séð ákærða sparka í kvið henni. Þá verður ráðið af framburði vitnisins fyrir dómi, að S hafi farið með vitninu

niður á Hlemm í Reykjavík að morgni föstudagsins 8. nóvember 1991. Fram að því hafi hún dvalist á heimili vitnisins og ekki farið út úr húsi. Að kvöldi fimmtudagsins hafi hún fundið til í maga og að morgni föstudags hafi kviðverkir ágerst. Um hádegi á föstudag hafi faðir hennar síðan ekið henni á slysadeild.

Vitnið Jóna María Hannesdóttir, Bröttuhlíð 6, Hveragerði, kom fyrir dóm 17. nóvember 1992. Að sögn vitnisins kom S á heimili þess að morgni fimmtudagsins 7. nóvember 1991. Að því er atburði að Bröttuhlíð 5 varðar, tjáði hún vitninu, að þar hefði maður ráðist að sér, er hún hefði ekki viljað sofa hjá honum. Ekki lýsti S fyrir vitninu, í hverju atлага mannsins hefði verið fólgin. Hún hefði verið dálítið drukkin, hálfgrátandi og beðið um, að hringt yrði á lögreglu, þar sem sér hefði verið hent þarna út. Þá hefði hún verið með svólítninn roða á hálsi og haldið um hann. Blóðlituð slefja hefði verið í munnvikum hennar.

Vitnið Helgi Jóhannsson, Bröttuhlíð 6, Hveragerði, kom fyrir dóm 17. nóvember 1992. Að sögn vitnisins var dyrabjöllu á heimili þess hringt á milli klukkan 5 og 6 að morgni 7. nóvember 1991. Kveðst vitnið hafa farið til dyra. Þar hafi verið komin kona, sem óskað hafi eftir því, að hringt yrði á lögreglu. Hún hafi verið á sokkaleistum, í stuttermapeysu og nokkuð við vín, þó ekki kófdrukkin. Hafi hún talað um, að hún hefði ekki viljað þóknast ákærða, eins og hann hefði viljað hafa það, og þá hefði hann vísað sér á dyr. Að mati vitnisins var greinilegt, að konan hafði orðið fyrir einhvers konar áfalli. Hún hafi verið kjókrandi og nokkuð miður sín. Þá hafi blóðvilsa verið í munnvikum hennar, en önnur merki um áverka kveðst vitnið ekki hafa greint á konunni. Ekki hafi kona þessi lýst fyrir vitninu átökum að Bröttuhlíð 6. Þá kemur fram hjá vitninu, að samkvæmt frásögn konunnar hafi hún leitað inngöngu í íbúð ákærða, eftir að henni hafði verið vísað þaðan út.

Guðmundur Steindórsson lögreglumaður, Hrísholti 20, Selfossi, kom fyrir dóm 17. nóvember 1992. Að sögn vitnisins fór það á vettvang í Hveragerði að morgni fimmtudagsins 7. nóvember 1991, en hringt hafi verið til lögreglu og óskað aðstoðar. Að Bröttuhlíð 5 hafi kona gefið sig á tal við vitnið og samstarfsmann þess og tjáð þeim, að hún hefði hringt eftir aðstoð lögreglu, þar sem hún hefði orðið fyrir árás manns í næsta húsi. Árásin hefði komið til út af því, að maður þessi hefði ekki komið fram vilja sínum gagnvart sér. Hefði hann þá ráðist að sér, tekið sig kverkataki, lamið sig í andlit og síðan hent sér út úr húsinu. Sjáanlegir áverkar hefðu verið á hálsi konunnar, roði eins og eftir handaför, eins og tekið hefði verið utan um háls henni. Hún hefði verið í miklu uppnámi og átt erfitt með að tjá sig um málsatvik. Ekki hefði verið unnt að merkja ölvunareinkenni á konunni umrætt sinn. Að sögn vitnisins fór það að heimili ákærða og knúði

þar dyra. Ákærði hefði hins vegar meinað lögreglumönnunum inngöngu og haft í alls konar hótunum við þá. Að sögn vitnisins hefði hann verið í uppnámi og að mati vitnisins „til í allt“. Það hefði þó eingöngu verið ætlun lögreglumannanna að sjá til þess að beiðni S, að móðir hennar kæm-ist út úr íbúð ákærða.

Vitnið Hlöðver Magnússon lögreglumaður, Sigtúni 29, Selfossi, kom fyrir dóm 17. nóvember 1992. Skýrði vitnið með hliðstæðum hætti og Guðmundur Steindórsson frá frásögn S af tildrögum þess, að ákærði vísaði henni út úr íbúð sinni. Ekki kvaðst vitnið minnst þess, að S hefði haft á orði, að hún hefði af þessu tilefni sætt eiginlegri árás af hálfu ákærða. Þá kvaðst vitnið ekki minnst þess, að það hefði merkt áverka á S umrætt sinn, né heldur, að hún hefði kvartað um einhver eymsli eða sársauka. Þá kom fram hjá vitninu, að ákærði hefði meinað lögreglumönnunum inngöngu á heimili sitt. Dálitill æsingur hefði verið í öllum þarna, en ekki kvaðst vitnið þora að fara með, hvernig hann hefði verið til kominn.

Einar Hjaltason skurðlæknir, til heimilis að Viðivöllum 6, Selfossi, kom fyrir dóm 17. nóvember 1992. Voru vitninu kynnt vottorð lækna, sem lögð hafa verið fram í málinu. Að mati vitnisins samrýmast þargreindir áverkar því, að sjúklingur hafi orðið fyrir hnefahöggum og spörkum í kvið 30 til 34 klukkustundum fyrir komu á slysadeild og innlögn á Landspítala. Þá kvað vitnið það þekkt í sambandi við miltisáverka, að ekki væri leitað til læknis vegna slíks áverka fyrr en nokkru eftir, að sjúklingur yrði fyrir honum. Myndist rífa á miltanu, fari ekki að blæða úr því strax, blæðingin fari síðan hægt af stað, og það sé ekki fyrr en blóðið komist í snertingu við lífhimnu, sem sjúklingur fari að finna til sársauka, sem reki hann til læknis. Kvaðst vitnið vita dæmi þess, að lengri tími en að framan greinir hafi liðið frá tilurð miltisáverka af því tagi, sem hér um ræðir, og þar til læknisaðstoðar var leitað. Þá sé miltað viðkvæmasta líffærið í kviðarholi, og samkvæmt tölfræðilegum upplýsingum sé ekki sjaldgæft, að það verði fyrir áverka við högg á kvið. Til þess að valda slíkum áverka þurfi engu að síður mikið högg á kviðinn. Fram kemur í framburði vitnisins, að áverkar þeir, sem S varð fyrir og vottorð lækna tilgreina, bendi til þess, að hún hafi orðið fyrir að minnsta kosti tveimur höggum, áverkar hafi verið á tveimur aðskildum stöðum í kviðarholi hennar. Að því er miltisáverkann varði, sé til þess að líta, að hugsanlegt sé, að hann hafi hlotist vegna mikils þrýstings á síðubarð sjúklings, sem aftur hafi valdið eins konar klemmu-áverka á miltað. Þann áverka megi því hugsanlega rekja til falls manns eða hlutar ofan á sjúkling. Þetta gildi hins vegar ekki um áverka á eggjastokk og eggjaleiðara, þar sé líklegast um að ræða afleiðingar hnefahöggs eða sparks.

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir dóminn, er ákærði 168

cm á hæð, en S 164 cm. Þá hefur komið fram hjá ákærða, að þyngd hans hafi verið um það bil 130 kg á þeim tíma, sem hér um ræðir. Þyngd S samkvæmt mælingu, sem gerð var 16. desember 1992, reyndist vera 80 kg.

III.

Ljóst er, að til stimpinga kom á milli S og ákærða á heimili hans í Hveragerði að morgni fimmtudagsins 7. nóvember 1991. Þau greina hins vegar hvort með sínum hætti frá aðdraganda og upphafi stimpinganna svo og því, sem síðan gerðist. Eru þau ein til frásagnar um atburði, allt þar til móðir S, M, kom að þeim við svefnherbergi ákærða eða á gangi framan við það.

Ákærði hefur frá upphafi rannsóknar haldið því fram, að S hafi stofnað til átaka með því að ráðast að sér, en hann hafi þá verið sofandi. Kveðst ákærði eingöngu hafa leitast við að verjast árás S og kappkostað að koma henni út úr íbúðinni. Hann neitar því hins vegar með öllu, að í þessum átökum þeirra hafi hann viðhaft þá háttsemi, sem sér er í ákæru gefin að sök.

S hefur jafnan staðhæft, að ákærði hafi ráðist að sér, er hún hafi ekki viljað þýðast hann. Fær framburður hennar að þessu leyti stoð í framburði vitna, sem ræddu við hana, skömmu eftir að ætlaðri atlögu ákærða lauk. Framburður hennar hefur hins vegar ekki verið afdráttarlaus, að því er varðar það atriði, í hverju atлага ákærða hafi falist. Þá hefur hún litið svo á, að hún hafi leitað til læknis skömmu eftir hádegi sama dag og þeir atburðir urðu, sem hér er um fjallað. Fyrir liggur hins vegar, að um það bil 32 klukkustundir liðu, frá því að umræddur atburður var tilkynntur lögreglu og þar til hún leitaði læknisaðstoðar. Þá hefur S haldið því fram, að hún hafi dvalist á heimili móður sinnar að í Reykjavík allt frá þeim tíma, er þær mæðgur komu frá Hveragerði og þar til hún var flutt á Borgarspítalann í Reykjavík skömmu eftir hádegi 8. nóvember 1991. Gengur framburður hennar að þessu leyti mjög gegn framburði móðurinnar, svo sem áður er rakið.

Fyrir dómi var framburður M á þann veg, að hún hefði komið að ákærða og S við svefnherbergi ákærða. Kvaðst hún hafa séð ákærða ráðast gegn S með hnefahöggum, og hafi atлага hans eingöngu verið í því fólgin.

Ljóst er af fram lögðum læknisvottorðum og framburði Einars Hjalta-sonar, yfirlæknis á Sjúkrahúsi Suðurlands, að áverkar þeir, sem S hlaut og vottorð lækna tilgreina, samrýmast því meginatriði í framburði þeirra mæðgna, S og M, að S hafi sætt hættulegri og hrottafenginni atlögu af hendi ákærða að morgni fimmtudagsins 7. nóvember 1991. Þá hefur ekkert komið fram í málinu um, að S kunni að hafa fengið þessa áverka á öðrum stað eða tíma. Þá hafa skýringar þær, sem ákærði hefur gefið á orsökum

áverkanna, ekki verið settar fram með trúverðugum hætti. Þegar litið er til þessa, framburðar vitna um ástand S og frásagnar hennar af tildrögum ætlaðrar árásr ákærða, skömmu eftir að árásin var afstaðin, og framburðar lögreglumanna um framferði ákærða, er þeir komu að heimili hans, þykir ekki varhugavert að telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi með líkamsárás að morgni fimmtudagsins 7. nóvember 1991 valdið S verulegu tjóni á líkama og heilbrigði, svo sem lýst er í ákæru og vottorði Höskulds Kristvinssonar læknis. Miðað við afleiðingar atlögu ákærða telst brot hans varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

IV.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann árin 1963-1982 alls sjö sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Árið 1972 var hann dæmdur í tíu daga varðhald fyrir ölvunarakstur. Auk þess tilgreinir sakavottorð ákærða fjóra refsíðoma fyrir ölvunarakstur og réttindaleysi, og var hinn síðasti þeirra upp kveðinn 29. janúar 1986. Loks sættist ákærði 10. október 1977 á greiðslu sektar vegna brots gegn 261. gr. almennra hegningarlaga.

Ekki þykir efni til að beita 3. mgr. 218. gr. a almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar ákærða í máli þessu.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði, en rétt þykir, að fullnustu þriggja mánaða af refsingunni verði frestað skilorðsbundið í þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

V.

Krafa S um bætur úr hendi ákærða, að fjárhæð 1.500.000 krónur, var upphaflega sett fram með bréfi Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 13. júlí 1992. Með bréfi dómarsins til lögmannsins, dags. 4. nóvember 1992, var þess óskað, að bótakrafan yrði skýrð frekar, þar sem hún væri að mati dómarsins vanreifud. Var við aðalmeðferð málsins lagt fram bréf frá lögmanninum, dags. 16. nóvember 1992, þar sem tekið er fram, að bótakrafan taki til tjóns vegna lýtis og miska. Þá segir enn fremur svo í bréfinu: „S býr varanlega að mjög alvarlegum afleiðingum líkamsárásarinnar. Þannig varð að fjarlægja milta, eggjastokka (sic) og eggjaleiðara. Þá býr S að mjög ljótu öri eftir aðgerðir á kvið, þar sem skurður hafðist illa við og ígerð komst í hann, eins og læknisvottorð sýna.“ Bótakröfunni 13. júlí 1992 fylgdi vottorð Ásmundar Magnússonar, heilsugæslulæknis í Reykjavík. Sýnist þar að mestu höfð hliðsjón af vottorði Höskulds Kristvinssonar læknis, sem áður er rakið. Þá segir svo í vottorði Ásmundar Magnússonar: „..... sjúklingur var mjög ósamvinnuþýður og

útskrifaði sig gegn læknisráði. Komst þó fljótlega aftur inn á spítalann og útskrifaði sig aftur gegn læknisráði. Sýking komst í skurðsár, og 27. 11. 1991 var tæmdur út gröftur. 7. febr. 1992 lagðist hún enn einn sólarhring inn á handldæld Lsp. vegna blæðingar frá skurðsárinu, sem var stöðvuð með smáaðgerð, bundið fyrir smáað, sem blæddi. Nú er þetta sár gróið, en örið mjög breitt og lýti að því. Þarf sennilega að gera við það síðar.“

Bótakrafa S verður ekki skilin á annan veg en þann, að undir bótafjárhæð falli miski vegna missis þeirra líffæra, sem fjarlægja varð með skurðaðgerð. Nægileg gögn liggja hins vegar ekki fyrir um áhrif þessa á líf og heilbrigði S, og almennar vísbendingar hér að lútandi eru af skorum skammti. Þá benda gögn málsins sterklega til þess, að lýti eftir skurðsár verði að miklum hluta rakið til vangæslu S sjálfrar, hún hafi verið ósamvinnuþýð á meðferðartíma og farið af sjúkrastofnunum gegn læknisráði. Gögn málsins veita þó ekki fullnægjandi vissu fyrir þessu.

S á rétt til miskabóta úr hendi ákærða. Með hliðsjón af því, hvernig bótakrafa hennar hefur verið lögð fyrir dóminn, þykir hins vegar rétt að vísa kröfunni frá dómi. Gefst tjónþola þannig kostur á að reifa bótakröfu sína með skilmerkilegri hætti í sérstakri málsókn.

VI.

Af hálfu ákæruvalds var sú krafa gerð við aðalmeðferð málsins, að ákærði yrði dæmdur til að greiða sakarkostnað, að fjárhæð 9.143 krónur, sem í bréfi sýslumannsins á Selfossi, dags. 17. nóvember 1992, er sagður vera þóknun til vitnanna Guðmundar Steindórssonar og Hlökkvers Magnússonar. Fram kemur í bréfinu, að vitnin, sem eru lögregluþjónar, hafi ekki verið á vakt, er þeir komu fyrir dóm í málinu, og hafi þurft að kalla þá sérstaklega út vegna þess. Er um kröfugerð ákæruvalds að þessu leyti vísað til 62. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ekki verður séð, að ofangreind vitni hafi orðið fyrir kostnaði eða tekjumissi við það að rækja vitnaskyldu sína í máli þessu. Þá fellur sá kostnaður, sem hlaust af komu lögreglumannanna fyrir dóm, ekki undir sakarkostnað í skilningi 1. mgr. 164. gr. laga nr. 19/1991. Verður framangreindri kröfu því með öllu hafnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhannesar Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 70.000 krónur.

Af hálfu ákæruvalds annaðist Karl Gauti Hjaltason, fulltrúi sýslumannsins á Selfossi, sókn málsins.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan, en dómarrinn

fékk málið til meðferðar 1. október 1992. Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna dómarans við önnur dómstörf, sem hann þurfti nauðsynlega að sinna frá 15. til 22. þ. m.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Valgeir Borgfjörð Magnússon, sæti fangelsi í sex mánuði. Fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Bótakröfu S er vísað frá dómi.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhannesar Sigurðssonar héraðsdómslögmanns, 70.000 krónur.
